

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 396/1988. **Rafmagnsveita Reykjavíkur**

gegn

**Kristjönu Eyvindsdóttur**

Kærumál. Áskorunarmál. Varnarþing.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Páll Hreinsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, vísaði máli þessu frá bæjarþingi.

Sóknaraðili hefur með kæru 28. nóvember sl., sem barst Hæstarétti 9. desember sl., kært frávisun málsins frá héraðsdómi sem gerð var með áritun á áskorunarstefnu 21. nóvember sl.

Sóknaraðili krefst þess að umrædd dómsathöfn verði úr gildi felld og málið tekið til áritunar að nýju.

Varnaraðili hefur hvorki gert kröfur né skilað greinargerð þótt henni hafi verið gefinn kostur á því.

Málavextir koma fram í áritun héraðsdómara.

Áfrýjandi hefur stöðvar sínar í Reykjavík og stundar þaðan sölu- starfsemi sína. Fellur sölustarfsemi hans þaðan undir ákvæði 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Af því leiðir að fella ber hina áfrýjuðu dómsathöfn úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til áritunar að nýju.

**D ó m s o r ð:**

Hin áfrýjaða dómsathöfn er felld úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til áritunar að nýju.

**Áritun á áskorunarstefnu 21. nóvember 1988.**

Af gögnum málsins er ljóst að stefnandi rekur orkusölufyrirtæki í Reykjavík. Skuld sú sem málið er höfðað til heimtu á er vegna úttektar stefndu á rafmagni að Hegranesi 7, Garðabæ. Skv. áskorunarstefnunni er stefnda Kristjana Eyvindsdóttir talin búa að Hegranesi 11, Garðabæ. Í sókn, sem lögð var fram við þingfestingu málsins, kveður stefnandi að rétt heimilisfang stefndu sé að Hrísmóum 1, Garðabæ, og var stefnan í máli

þessu birt þar. Mál þetta er hins vegar þingfest og rekið á bæjarþingi Reykjavíkur.

Í þinghaldi 15.11. 1988 var málið endurupptekið að beiðni stefnanda sem lagði fram sókn. Þar kemur fram að stefndu er stefnt á bæjarþing Reykjavíkur á grundvelli 1. mgr. 82. gr. 1. 85/1936. Heldur stefnandi því fram að raforka sé ein tegund orku. Kveður hann lítið svo á að orka sé vara og geti því fallið undir nefnda grein. Í því sambandi bendir hann á að eldsneyti á bifreiðar og skip sé orka sem talin sé vara. Þá séu rafhlöður orka sem flokkist undir að vera vara. Loks bendir hann á að ýmiss konar þjónusta sé veitt við sölu orkunnar.

Ákvæði 1. mgr. 82. gr. 1. 85/1936 voru samin eftir 1. 59/1905, en þau tóku aðeins til verslunarskulda, s.s. skulda sem stofnaðar voru við lyfsala, bóksala, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita o.s.frv. sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Með 1. mgr. 82. gr. 1. 85/1936 var reglan rýmkuð nokkuð þar sem undir greinina voru einnig felld mál til greiðslu á andvirði vinnu þeirra manna sem höfðu fasta starfstofu. Í athugasemdum við 82. gr. í greinargerð með 1. 85/1936 eru lækmar, málfærslumenn, smiðir, bifreiða- og hjólavíðgerðarmenn nefndir sem dæmi um menn sem gætu notfært sér hagræði greinarinnar.

Með orðinu vörur í 1. mgr. 82. gr. hafa fræðimenn talið að eingöngu væri átt við verslunarvörur, en ekki önnur verðmæti, þótt þau væru af hendi látin í verslun. Væri hér aðallega átt við tegundarákveðin verðmæti, sem höfð væru á boðstólum fyrir almenning í verslunum. Hið viðvarandi viðskiptasamband á milli stefnanda og stefnda um kaup og sölu á raforku, sem flutt er um orkuvirki stefnanda að Hegranesi 7, Garðabæ, verður því ekki fellt undir hugtökin sölu á „vöru eða vinnu“ í 1. mgr. 1. 85/1936, skv. hefðbundinni skýringu.

Þegar lítið er til þess hvernig greinin er sögulega tilkomin og til þess að hér er um að ræða varnarþingsreglu sem er undantekningarregla, verður heldur ekki talið heimilt að skýra 1. mgr. 82. gr. rýmra en orð hennar segja til um, sbr. Hrd. 17. okt. 1988. Þykir afstaða hæstaréttar í Hrd. 1969:1305 og Hrd. 1975:402 einnig styrkja þá niðurstöðu.

Af framansögðu athuguðu þykir ekkert fram komið í málinu um að stefndu sé skylt að svara til saka utan varnarþings síns samkvæmt 73. gr. laga nr. 85/1936. Þykir því ekki verða hjá því komist að vísa máli þessu frá ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

#### Ályktarorð:

Máli þessu er vísað frá. Málskostnaður dæmist ekki.